



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarfjarðarbær
Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörði

Sölvholsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · brefsími: 562 3068
postur@mmr.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 11. september 2013
Tilv.: MMR13090027/6.14.0-

Efni: Tilkynnt um úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum

Í mars 2013 fólk mennta- og menningarmálaráðuneytið Capacent Gallup ehf. að gera könnun meðal sveitarstjórnar um fyrirkomulag og framkvæmd reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Könnunin var liður í priggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir og kannanir í leik- og grunnskólum á tímabilinu 2013-2015 en einnig hluti af lögboðnu eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 4. og 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 3. og 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Þrátt fyrir endurteknar ítrekanar af hálfu bæði Capacent Gallup og ráðuneytisins svörðu einungis 59 sveitarfélög af 74 umræddri könnun. Niðurstöður könnunar liggja fyrir og verða birtar á vef ráðuneytisins innan tíðar.

Til þess að fá betri mynd af þjónustunni á vettvangi hefur ráðuneytið ákvæðið með vísan til ofangreindra laga og reglugerða og priggja ára áætlunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir og kannanir í leik-, grunn- og framhaldsskólum 2013-2015, að gera úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í eftirtoldum sex sveitarfélögum: Akureyrarbær, Fljótdalshéraði, Hafnarfjörði, Stykkishólmssbær, Vesturbýggð og Þingeyjarsveit. Við val á sveitarfélögum var reynt velja sveitarfélög með mismunandi fyrirkomulag á sérfræðipjónustu, s.s. með sérfræðipjónustu á eigin vegum, samstarfi um fyrirkomulag á sérfræðipjónustu, s.s. með sérfræðipjónustu á landsvísu.

Markmið með úttektinni er kanna hvernig mismunandi útfærslur reynast við að koma til móts um sérfræðipjónustu um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga verður skoðað hvernig til hefur tekist í nemendaverndarráð í grunnskólum frá 2010. Sérstaklega verður skoðað hvernig til hefur tekist í fyrnefndum sex sveitarfélögum að skipuleggja sérfræðipjónustu sem á að sinna tvíþættu hlutverki þjónustunnar samkvæmt reglugerð nr. 584/2010,

- annars vegar stuðning við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og
- hins vegar stuðning við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Skoðað verður hvernig til hefur tekist í þessum sveitarfélögum að tryggja fullnægjandi aðgengi að sérfræðipjónustu innan sveitarfélagsins sem og tengsl við sérfræðistofnanir á landsvísu. Leitað verður svara við hvort staðsetning og stærð sveitarfélaga, mismunandi útfærsla eða skipulag sérfræðipjónustu hafi áhrif á aðgengi og gæði þjónustunnar.

Gagna skal afla með viðtölu við ýmsa aðila hjá sveitarfélögum, s.s. sveitarstjóra, formann skólanefndar, forstöðumann sérfræðipjónustu og aðra sérfræðinga eftir því sem við á; með

Hafnarfjarðarbær
Innk: 18.9.2013
Málunr: 130 9414
Mál: 221

heimsóknum í skólaskrifstofur og leik- og grunnskóla eftir þörfum, rýnifundum með foreldrum, kennurum og nemendum, stuttum rafrænum könnunum meðal kennara og foreldra og athugun á fyrirliggjandi gögnum.

Úttektaraðilar eru Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmsdóttir, Svava Bernharð Sigurjónsdóttir og Sveinborg Haflidadóttir sérfræðingar hjá Attentus ehf. en þær hafa mikla þekkingu og reynslu af vinnu við mat á skólastarfi, þ.m.t. úttektum í leik- og grunnskólam. Þær munu fljótlega hafa samband við yður vegna gagnaöflunar, fyrirkomulags og framkvæmdar verksins.

Ráðuneytið væntir góðs samstarfs við fræðsluyfirvöld og skóla í Hafnarfirði um úttektina.

Fyrir hönd ráðherra



Stefán Baldursson



Margrét Harðardóttir

Ljósrit: Leik- og grunnskólar í Hafnarfirði